

SIÓVÁ

Sími: 436 1617 & 893 5445  
Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

852. tbl - 18. árg.

8. nóvember 2018



## Neyðarkallinn seldist vel

Sala á Neyðarkalli björgunar-sveitanna 2018 gekk mjög vel að þessu sinni. Björgunarsveitin Lífsbjörg var á ferðinni í síðustu viku og seldu þeir um það bil 350 karla í Snæfellsbæ og um 20 stóra karla. Voru félagar í Lífsbjörgu að vonum mjög ánægðir með mót-tökurnar sem þeir fengu en sala

á Neyðarkallinum er ein af mikil-vægari fjárfloflunum sveitarinnar. Vildu þeir koma á framferi kærú þakklæti fyrir góðar móttökur bæði til einstaklinga og fyrirtækja en allir Neyðarkarlarnir seldust hjá þeim að þessu sinni.

Myndina tók Ísabella Una.

þa



FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS

### Störf í boði

Fiskmarkaður Íslands leitar að fólki til vertíðarstarfa í flokkunar- og slægingarstöð Rífi.

Um ræðir vertíðarvinnu frá 15. janúar til 31. maí. Mikil vinna í boði.

Einnig leitum við af **vönum lyftaramanni** í heils árs starf á sömu starfsstöð.

Fyrir áhugasama hafið samband við:

Reynir Guðjónsson, reynirg@fmis.is, 840-3725 eða

Smára Björgvinnsson, smari@fmis.is, 840-3715



## Heiðin boðin út

Þau gleðilegu tíðindi bárust fyrir síðustu helgi að Vegagerðin auglýsti eftir tilboðum í endurbbyggingu á 4,8 km leið yfir Fróðárheiði, frá núverandi slitlagsenda við Valavatn að vegamótum við Útnesveg.

Íbúar Snæfellsbæjar hafa beðið eftir þessari framkvæmd síðan

árið 1994 þegar þessari samgöngubót var lofað í tengslum við sameiningu sveitarfélagsins.

Opna á tilboð í verkið þriðjudaginn 20. nóvember kl. 14.15 en gert er ráð fyrir að verkinu verði lokið eigi síðar en 1. ágúst árið 2020.



- Almennar bílaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Dekkjaskipti og viðgerðir
- Rúðuskipti
- Stjórnu viðgerðir á framrúðu
- Tölvulestur

S: 438-6933 - kbbilav@simnet.is - Sólvellir 5 - Grundarfjörður  
Opnunartími 8-12 og 13-17 - Verið velkomin

## Smíðavinna

Tökum að okkur þakskipti, klæðningar og aðra smíðavinnu, eigum lausa tíma í haust.

Kynnið ykkur málið í síma 840-6100



**BÓLUSETT VERÐUR FYRIR INFLÚENSU  
12. NÓVEMBER Í LÝSUHÓLSSKÓLA KL.11-13**

**Landlæknir mælir sérstaklega með influensubólusetningum fyrir:**

- Alla einstaklinga 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðna sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Pungaðar konur.

Ofangreindum forgangshópum stendur bóluefnið til boða sér að kostnaðarlausu en greiða þarf komugjald á heilsugæslustöð.

Eins og undanfarin ár er ekki nákvæmlega vitað á þessari stundu hvaða tegund inflúensu muni herja á landsmenn veturinn 2018 til 2019. Inflúensan er enn ekki farin að láta á sér kræla hér á landi en ávallt má búast við henni í kringum áramótin.

Bólusetning gegn inflúensu veitir allt að 60–70% vörn gegn sjúkdómnum. Jafnvel þótt bólusettingur fái inflúensu eru allar líkur á því að sjúkdómurinn verði vægari en ef hann væri óbólusettingur.

Fanný Berit Sveinbjörnsdóttir,  
Hjúkrunarfræðingur og Ljósmyndari

ÓLAFSVÍKUR- OG  
INGJALDSHÓLSPRESTAKALL  
kirkjanokkar.is



**Fjölskylduguðspjónusta með barnakór**

verður í Ingjaldshólkirkju sunnudaginn 11. nóvember kl. 11.  
Fyrir börn á öllum aldri, foreldra, afa, ömmur og aðra.

**Kirkjuklukkum hringt  
gegn einelti og kynferðisofbeldi**

fimmtudaginn 8. nóvember kl. 13-13:07.

Sjá nánar á kirkjanokkar.is



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is  
Sími: 436 1617

# Vinkonufundur í Röst



Kvenfélag Hellissands hélt vinkonufund í félagsheimilinu Röst síðastliðið mánudagskvöld. Buðu þær einnig á fundinn kvenfélagskonum í Kvenfélagi Ólafsvíkur og vinkonum þeirra. Vel var mætt en um 80 kvenfélagskonur og vinkonur þeirra mættu og áttu skemmtilegt kvöld. Boðið var upp á dýrindis fiskisúpu, brauð og meðlæti ásamt marengs og súkkulaðitertum í eftirrétt. Þema kvöldsins var hatta og/eða hárskraut og vakti það mikla lukku. Dregin var út kona kvöldsins, gestur kvöldsins og verðlaun voru veitt fyrir hatt kvöldsins. Það voru þeir Albert Eiríksson og Bergþór Pálsson sem völdu hatt kvöldsins en þeir sáu um að

skemmta. Höfðu þeir Albert og Bergþór með sér ferðafélaga en faðir Bergþórs, Páll Bergþórsson kom með þeim. Ræddu þeir Albert og Bergþór um borðsiði og ýmislegt tengt því að vera í veislum, sögðu þeir einnig skemmtilega frá og vöktu mikla kátínu. Áður en þeir félagar kvöddu sáu þeir um að draga út í happdrætti sem þær stöllu í Kvenfélagi Hellissands stóðu fyrir með miklum myndarbrag. Voru vinningarnir veglegir og vöktu mikla lukku. Heppnaðist kvöldið hið besta og enda vel sótt eins og áður segir og vonandi verður áframhalda ásvonaskemmtunum hjá kvenfélögunum.

þa

## Witam,

Velsmiðja Grundarfjarðar zaprasza na wymiana kol z letinich na zimowe.

U nas nie czeba czekac 2 tygodnia na wymiana kol !!!!!!!  
Najlepsze gatunki opon i ceny od firmy „SOLNING” plus jak zamowicie u nas darmowa dostawa.

Zapraszamy.



## Kæri Snæfellingur.

Velsmiðja Grundarfjarðar býður ykkur dekkjaskipti í Grundarfirði, hjá okkur er engin bið. Erum með mjög góð dekk frá Sólningu, og sendingarkostnaður er enginn.

Verið velkomin.

# Allir velkomnir að vera með í íþróttum á Snæfellsnesi



Að taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi hefur marga kosti fyrir börn og unglunga og markmið allra sem starfa á þessu sviði er alltaf að reyna að vinna að því að fá sem flesta til þess að taka þátt. Við sem búum á Snæfellsnesi búum í fjölmenningslegu samfélagi þar sem íbúar koma frá mörgum löndum og viljum við að sjálfsögðu að allir taki þátt í íþróttum sem og öllu samfélaginu sjálfu. HSH fór af stað í verkefni núna í haust til þess að reyna að kynna fyrir erlendum börnum og unglungum hvað er í boði innan svæðis HSH og að allir eru velkomnir að stunda íþróttir og vera með. HSH fékk styrk frá Ungmennafélagi Íslands og Svæðisgarðinum Snæfellsnesi fyrir verkefnið til þess að kynna fyrir og fjölga erlendum börnum í íþróttastarfi á Snæfellsnesi. Hluti af því var að kynna starfsemi HSH á fjölmenningsdeginum sem fram fór í Frystiklefanum á Rífi 20. okt. s.l. Það voru þau Matthías Daði Gunnarsson, Kristófer Máni Atlason og Aldís Guðlaugsdóttir ásamt framkvæmdastjóra HSH sem kynntu fyrir gestum hátíðarinnar hvað HSH stendur fyrir. HSH var með hugmyndakassa fyrir börn og unglunga á fjölmenningshátíðinni þar sem þau gátu komið með sínar óskir og hugmyndir um íþróttastarf á Snæfellsnesi. Gaman er að segja

frá því að fram komu margar skemmtilegar hugmyndir en flestir sem svöruðu vildu fá að stunda skák, fimleika og blak. Margar fleiri hugmyndir komu eins og til dæmis körfubolti, golf, dans, crossfit, handbolti, ballett, karate, ruðningur (rugby) og fleira. Þessum hugmyndum var safnað saman og send á ungmennafélögin á Snæfellsnesi og vonandi nýta þau sér eitthvað af þessu. Margret Vilhjálsdóttir og Hanna Imgront héldu stutt erindi á hátíðinni um það af hverju þær stunda íþróttir og hvaða kosti þær telja að íþróttatökun hafi fyrir krakka. HSH hafði látið útbúa og merkja fjölnota poka sem innihélt kynningarbækling fyrir félögin innan HSH og stundatóflur UMF Víkings/Reynis, UMF Grundarfjarðar og UMF Snæfells. Hægt var að fá bæklingana á íslensku, ensku og pólsku. Þessum pokum var svo einnig dreift til allra grunnskólalabarna í Grunnskóla Snæfellsbæjar, Grunnskóla Grundarfjarðar og Grunnskóla Stykkishólms. Krakkarnir voru hin ánægðustu með pokana og meðal annars í Grundarfirði sáu nokkrir not fyrir þá og fóru með þá til þess að sníkja nammi á Hrekkjavökunni.

*Laufey Helga Árnadóttir,  
framkvæmdastjóri HSH*



**SNÆFELLSBÆR**

*þar sem jökullinn ber við loft...*

## Bæjarstjórn Snæfellsbæjar FUNDARBOÐ - 313. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 8. nóv. 2018 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Golfvöllur í Rífi - kynning. fulltrúar frá Golfklúbnum Jökli mæta á fundinn.
- 2) Fundargerð stjórnar Jaðars, dags. 2. október 2018.
- 3) Fundargerð velferðarnefndar, dags. 8. október 2018.
- 4) Fundargerð 128. fundar hafnarstjórnar, dags. 3. október 2018.
- 5) Fundargerð 119. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 1. nóvember 2018.
- 6) Fundargerðir ungmennaráðs, dags. 26. september, 10. október, 29. október og 1. nóvember 2018.
- 7) Fundargerðir 167., 168. og 169. fundar menningarnefndar, dags. 10. október, 24. október og 25. október 2018.
- 8) Fundargerð 177. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 2. október 2018.
- 9) Fundargerð 152. fundar heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 29. október 2018.
- 10) Fundargerð framkvæmdaráðs Byggðasamlags Snæfellsness, ásamt fylgigögnum, dags. 5. október 2018.
- 11) Fundargerð 863. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. september 2018.
- 12) Fundargerð 864. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 10. október 2018.
- 13) Fundargerð 406. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 5. október 2018.
- 14) Bréf frá Skógræktarfélagi Ólafsvíkur, dags. 29. október 2018, varðandi girðingar.
- 15) Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, dags. 30. október 2018, varðandi fjárhagsáætlun eftirlitsins.
- 16) Bréf frá skólajórá, dags. 6. nóvember 2018, varðandi fjárveitingar til grunnskólans á árinu 2019.
- 17) Bréf frá SEEDS, dags. 31. október 2018, varðandi samstarf á árinu 2019.
- 18) Bréf frá mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 1. október 2018, varðandi Dag íslenskrar tungu.
- 19) Bréffrá Brunabót, dags. 18. október 2018, varðandi ágóðahlutagreiðslu 2018.
- 20) Drög að samstarfssamningi milli Snæfellsbæjar og Frystiklefans í Rífi fyrir árin 2019-2022.
- 21) Drög að samningi milli Snæfellsbæjar og Milu vegna ljósleiðara. Samningurinn verður lagður fram á fundinum.
- 22) Tilnefning í öldrunarráð Snæfellsbæjar.
- 23) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbær, 6. nóvember 2018  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



*Bifreiðaverkstæði Ægis.  
Rífi. S-4366677*

**Betra fyrir bílinn**



CHRISTY TURLINGTON/BURNS

biotherm.com

HEAL VISIBLE  
SIGNS OF TIME  
LYFTIR, MÝKIR, GEFUR LJÓMA



NÝTT BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT

Nýtt krem með rauðum sjávarbörungum sem endurmótar  
útlínur andlitsins, lyftir, mýkir og gefur ljóma.

#YOUNGERNATURALLY

**BIOThERM**  
THE HEALING POWER OF LIFE PLANKTON™

# BIOThERM KYNNING

Í APÓTEKI ÓLAFSVÍKUR  
FÖSTUDAGINN 9. NÓVEMBER KL. 13-18.

**20% AFSLÁTTUR** AF ÖLLUM BIOThERM DÖMU- OG HERRA VÖRUM

Glæsilegur kaupuki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 7.800 kr eða meira á meðan birgðir endast.

## BIOThERM MÆLIR MEÐ:



### BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT CURE

RED ALGAE UPLIFT CURE hefur byltingarkennda áferð. Það er 10 sinnum léttara en hefðbundið serum og þrýstir virkum efnum niður í húðlöggin. Það þarf einungis 6 dropa kvölds og morgna og húðin verður samstundis stinnari og þéttari. Eftir 28 daga er sem húðin hafi verið endurmótuð, er sjáanlega unglegri og sem henni hafi verið lyft. Notist í stað serums eða með serumi/kremi. 2 x virkara en krem. Hentar öllum húðgerðum.



### BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT KREM

Flavelsmjúkt krem sem hentar öllum húðgerðum. Kremið vinnur á öldrunareinkennum, mýkir og lyftir. Dag frá degi fær húðin frísklegan húðlit, verður silkimjúk, þéttari og stinnari.

Í BÁÐUM KREMUNUM ER AUK ÞESS LYKILINNIHALDSEFNI BIOThERM, GJÖF FRÁ NÁTTÚRUNNI, LIFE PLANKTON™.

 **APÓTEK ÓLAFSVÍKUR**

Sími: 436 1261